

SAMÞYKKT

fyrir Veðifélag Þingvallavatns.

1. gr.

Um félagið.

Félagið heitir Veðifélag Þingvallavatns, kt. 590876-0389. Umdæmi félagsins nær yfir Þingvallavatn og ár og læki sem í það falla. Félagið tekur til allrar fiskveiði í umdæminu.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

2. gr.

Aðild að félaginu.

Aðilar að félaginu eru allir veiðiréttarhafar eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að eða veiðirétt í Þingvallavatni: Þingvellir, Arnarfell, Mjóanes, Miðfell, Kaldárhöfði, Steingrímsstöð, Villingavatn, Ölfusvatn, Krókur, Hagavík, Nesjavellir, Nesjar, Heiðarbær I, Heiðarbær II, Skálabrekka, Brúsastaðir, Kárastaðir og Sandey.

3. gr.

Hlutverk.

Hlutverk félagsins er að sjá til þess að löggjöf um lax- og silungsveiði ásamt reglum og ákvörðunum um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt á félagssvæðinu. Félagið skal leitast við að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og að veiði sé nýtt á skynsamlegan hátt, eftir því sem aðalfundur ákveður.

Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði félagsmanna, sbr. 2. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl einn á hverju ári. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn undanfarin þrjú ár. Kjósa skal á aðalfundi þrjá varamenn til eins árs í senn.

Kjósa skal á aðalfundi ár hvert tvo skoðunarmenn og einn til vara.

5. gr.

Verksvið stjórnar.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins ásamt fjárreiðum.

Stjórninni ber að halda gerðabók, og færa í hana samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf, auk ársreikninga.

6. gr.

Veiðiréttur.

Veiðiréttarhafar á hverjum tíma ráðstafa hver sínum veiðirétti innan þeirra marka sem lög, reglur og ákvarðanir veðifélagsins setja.

Oheimilt er með öllu að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsins eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði þess. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

Félagið setur reglur um veiði í vatninu. Veiðireglur skal leggja fyrir félagsfund.

7. gr.

Málsmeðferðarreglur og hæfi.

Stjórn félagsins skal haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð mála sem snerta hagsmuni þeirra sjálfra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn.

Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin. Áður en hún tekur ákvörðun í máli sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra, skal þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um efni máls, enda liggja afstaða hans ekki fyrir í gögnum málsins eða slíkt sé augljóslega óþarft. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni hans umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Félagsfundir.

Stjórn félagsins skal boða skriflega til funda, bæði aðalfunda og aukafunda, með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyld er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi með minnst 10 daga fyrirvara, ef breyta á samþykktum félagsins eða arðskrá.

Á fundum í félaginu, hvort sem er aðalfundum eða aukafundum, skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

Félagsfundum skal halda þegar félagsstjórn telur ástæðu til eða 1/4 atkvæðisbærra félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggja að boða aukafund í tvo mánuði frá því tilskilinn hluti félagsmanna æskir þess, og er þeim er fund vilja halda þá rétt að boða hann.

Boði stjórn ekki til aðalfundar fyrir 1. september ár hvert, er þeim atkvæðisbæru félagsmönnum sem fund vilja halda þá rétt að boða hann.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykktum eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Sé ráðgert að breyta samþykktum eða arðskrá skal geta þess í fundarboði. Nú verður breyting á samþykktum eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

9. gr.

Aðalfundur.

Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Fjárhagsáætlun næsta árs.
4. Tillögur um starfsemi á komandi starfsári.
5. Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna, sbr. 4. gr.
6. Ákvörðun félagsgjalda.
7. Önnur mál.

10. gr.

Reikningsár.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók.

11. gr.

Atkvæðisréttur.

Eitt atkvæði fylgir hverri jörð sem á veiðirétt á félagssvæðinu, í samræmi við 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Ef eigendur jarðar eða veiðiréttar eða ábúendur jarðar eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um það hver fari með atkvæðisréttinn og skal það tilkynnt veiðifélaginu með sannanlegum hætti. Hið sama gildir þegar jörð hefur verið löglega skipt í ákveðnum hlutföllum milli eigenda.

Félagsmaður má fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt. Geta skal umboðsins í fundargerðabók.

Ef lagt er fyrir fund í félaginu að ráðast í framkvæmdir sem hafa fjárútlát í för með sér getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða sem hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði.

12. gr.

Arðskrá og gjöld til félagsins.

Félaginu ber að sjá til þess að gerð sé arðskrá í samræmi við 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, sem sýnir þann hluta af veiði eða arð af veiði sem koma á í hlut hvernjar jarðar sem á veiðirétt í vatninu. Arðskrá skal sýna heildarfjölda eininga sem til úthlutunar eru á félagssvæðinu svo og arðshlut hvernjar jarðar í einingum talið.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

13. gr.

Staðfesting.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fiskistofu, 17. nóvember 2016.

Guðni Magnús Eiríksson,
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.